



Samtök fyrirtækja
í sjávarútvegi



SAMORKA



Samtök
verslunar og
þjónusta



Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Reykjavík, 23. ágúst 2019
Tilv. yðar: UST201711-128/B.S.

Efni: Umsögn um drög að stefnu um meðhöndlun úrgangs

Almennt

Vísað er til erindis Umhverfisstofnunar, dags. 12. júlí sl., þar sem drög að stefnu um meðhöndlun úrgangs voru send til umsagnar hagsmunaaðila. Samtök atvinnulífsins, Samtök ferðaþjónustunnar, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi, Samtök iðnaðarins, Samorku og SVP – Samtök verslunar og þjónusta (samtökin) hafa kynnt sér fyrirbyggjandi drög og senda hér með sameiginlega umsögn um þau.

Fyrir það fyrsta fagna samtökin því að stjórnvöld líti til þess að minnka sóun og sporna við myndun úrgangs. Eins og samtökin hafa bent á í fyrri umsögnum, sama eða sambærilegs efnis, stuðlar minni sóun að aukinni framleiðni, betri nýtingu auðlinda og minni mengun. Fjölmörg aðildarfyrirtæki samtakanna hafa unnið árum saman að því að minnka sóun, auka endurvinnslu og lágmarka úrgang. Nokkur ganga svo langt að setja sér markmið um að ekkert fari í endanlega förgun frá starfseminni. Árangurinn birtist í upplýsingum um þróun úrgangsmála. Þá hefur flokkun að sama skapi aukist. Mörg fyrirtæki hafa þegar axlað ríka ábyrgð á sinni starfsemi með greiðslu úrvinnslugjalda sem hafa stuðlað að frekari framþróun fyrir tilstuðlan hagrænna hvata í úrgangsmálum.

Umhverfismál, þ. á m. úrgangsmál, eru meðal helstu áskorana sem Ísland stendur frammi fyrir. Metnaðarfull markmið á því sviði getað skapað forsendur til nýtingar hugvits og sköpunargáfu og stuðlað að þróun nýrrar tækni og aðferða við að gera hluti betur og öðruvísi. Gott samstarf stjórnvalda og atvinnulífs, þar sem ýtt er undir tækniframfarir og nýsköpun, er forsenda þess að stjórnvöld nái settum markmiðum. Því telja samtökin afar jákvætt að sjá að meðal aðgerða í fyrirbyggjandi drögum er stuðningur við græna nýsköpun, sbr. aðgerð 4.

Útvistun verkefna til einkaaðila

Samtökin fagna umræðu um framtak einkaaðila í fyrirbyggjandi drögum er kemur að úrgangsstjórnun sem endurspeglar mikilvægi þessara aðila hvað þau mál varðar. Vísast hér m.a. til umfjöllunar í lokamálsgrein á bls. 8. Ítrekast hér að einkaaðilar hafa margir hverjir bæði getu, reynslu og sérþekkingu sem mikilvæg er til að framkvæma þau verk sem úrgangsstjórnun kallar á. Kallast þetta einnig á við umfjöllun um þá kvöð sveitarstjórna að leita hagstæðustu lausna við sorphirðu og útvista því verkefni til einkaaðila, sbr. umfjöllun á bls. 9.

Taka samtökin undir framangreind umfjöllun og hvetja stjórnvöld til að kveða með skýrum hætti á um skyldu sveitarfélaga að leita hagstæðustu lausna, eftir atvikum með útvistun, við tillögugerð og markmiðssetningu.

Hlutverk Úrvinnslusjóðs

Samtökin vísa til umfjöllunar um hlutverk Úrvinnslusjóðs í fyrirbyggjandi drögum en sjóðurinn hefur víðtæka skírskotun til starfsemi bæði samtakanna sjálfra sem og aðildarfyrirtækja þeirra. Þannig skipar atvinnulífið meirihluta stjórnar sjóðsins sem rekja má til markmið hans og tilgangs og sækir stoð í

gerðir EES-samningsins á þessu sviði. Að gefnu tilefni benda samtökin á að starfsemi sjóðsins hefur verið sett í uppnám undanfarið m.a. vegna tekjufærslu úrvinnslugjalds hjá hinu opinbera í tengslum við gildistöku laga um opinber fjármál og upptöku GFS-staðalsins. Að óbreyttu mun og hefur sú óvissa haft þau alvarlegu áhrif á starfsskilyrði sjóðsins að stjórn sjóðsins hefur ekki verið unnt að staðfesta ársreikninga og er sú staða verulega bagaleg fyrir starfsemina. Samtökin hvetja stjórnvöld til að leysa eins hratt og verða má úr framangreindum álitamálum sem uppi og tryggja sjóðnum starfsskilyrði sem samræmast þeim kröfum sem til hans eru gerðar, bæði hvað varðar hérlanda starfsemi sem og eftirfylgni með regluverki EES-samningsins.

Þar sem margar af þeim þeim aðgerðum sem lagðar eru til kalla á aðkomu Úrvinnslusjóðs er mikilvægt að allri óvissu um starfsemi hans sé eytt þannig að hann geti einblínt á þau verkefni sem undir hann falla nú þegar eða lagt er til að hann taki að sér síðar meir.

Samtökin minna á að þau höfðu forystu um stofnun Úrvinnslusjóðs og leggja alla áherslu á að starfsemi hans haldist án mikilla breytinga enda hefur úrvinnslugjaldið og starfsemi sjóðsins skilað miklum árangri undanfarna áratugi.

Einnig er minnt á að einstakar atvinnugreinar geta gert samkomulag um söfnun og meðhöndlun sérhæfðs úrgangs viðkomandi greinar. Sem dæmi hafa Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi (áður Landssamband íslenskra útvegsmanna) annast söfnun veiðarfæraúrgangs um land allt og á hagkvæmari hátt en unnt væri ef þetta væri á forræði ríkisins eða sveitarfélaganna.

Urðunarskattur og takmörkun við urðun lífræns úrgangs

Í aðgerð nr. 5 er mælt fyrir um skattlagningu á urðun úrgangs, annars vegar almenns og hins vegar óvirks úrgangs. Tilgangurinn er að beina slíkum úrgangi í annan farveg og draga þannig úr urðun úrgangs, þ.m.t. lífræns heimilisúrgangs, og auka endurnýtingu úrgangs. Aukinn kostnaður við að velja urðun sem farveg fyrir úrgang skapar efnahagslega hvata til að úrgangi verði beint annað. Það þarf einnig að huga að því að styðja við endurvinnslu og samstarf um söfnun endurvinnsluefna. Hér benda samtökin á að samspil við aðrar aðgerðir og stefnur á sviði umhverfis- og loftslagsmála og telja um leið kjörið tækifæri fyrir t.a.m. Loftslagssjóð að koma inn með fjármagn í slíkt átaksverkefni.

Samtökin eru þeirrar skoðunar að efnahagslegir hvatar geti gegn lykilhlutverki þegar stjórnvöld vilja hafa áhrif á athafnir og athafnaleysi borgaranna. Á alþjóðavísu verða slíkar aðgerðir æ algengari þegar að umhverfismálum kemur. Helstu kostir verðlagningar mengunar og losunar eru m.a. að hún hvetur einstaklinga og fyrirtæki til að beita hagkvæmustu aðgerðum við að draga úr umhverfisskaða og skapa þeim tækifæri í formi aukinna skilvirkni, fjárfestinga í grænum lausnum og og nýsköpun og breyta neysluhegðun. Unnt er að beita umhverfissköttum á þann hátt að dregið verði úr röskunaráhrifum skattlagningar. Í þessu samhengi vilja samtökin lýsa nokkrum áhyggjum af því að tekjur af álagningu nýrra umhverfisskatta á Íslandi renna í ríkissjóð án þess að nokkur reki sér gerður að því að endurspeglar auknar ríkistekjur annað hvort í léttari skattbyrði á öðrum sviðum eða útgjöldum til umhverfismála. Að mati samtakanna er verulega hætt við að þessi háttur muni grafa undan innlendum áhuga á gagnsemi umhverfisskatta þegar tekið er tillit til þróunar ríkisútgjalda. Í framangreindu ljósi telja samtökin eðlilegt að skattatillögur stefnudraganna verði betrumbættar á þann veg að í þeim verði gerð grein fyrir því hvernig standi til að ráðstafa tekjunum. Má í því samhengi t.d. benda á umfjöllun á vef bresku Kólumbíu þar sem sérstök grein er gerð fyrir áformum um ráðstöfun aukinna skatttekna vegna breytinga á kolefnissköttum.¹ Telja samtökin eðlilegt að rík áhersla verði lögð á að tekjur sem skapast vegna beitingar greiðslureglu umhverfissréttar verði með skýrum hætti leiddar út í efnahagslífið þannig

¹ Sjá: <https://www2.gov.bc.ca/gov/content/environment/climate-change/planning-and-action/carbon-tax>.

að þær gagnist sem flestum og þá ekki síst þeim fyrirtækjum sem skipuleggja rekstur sinn með umhverfismál að leiðarljósi.

Mat á hagkvæmni skattaívilnana

Sértæk aðgerð 3 gerir ráð fyrir því að unnið verði mat á hagkvæmni aðgerða í formi skattaívilnana og álagningu umhverfisskatta. Samtökin styðja eindregið að slíkt mat verði unnið áður en skattaívilnanir verða festar í lög. Telja samtökin afar mikilvægt að matið taki ekki aðeins til hagkvæmni frá sjónarhóli ríkissjóðs heldur einnig til áhrifa sem aðgerðirnar kunna að hafa á atvinnulíf og einstaklinga.

Hafa ber einnig í huga að samtökin hafa lagt áherslu á að skattkerfið, og þá ekki síst virðisaukaskattkerfið, verði einfalt og skilvirkt. Í því samhengi hafa þau talið að undanþágur frá meginreglum skattalaga verði að helgast af sérstökum aðstæðum, t.d. markaðsbresti sem kemur fram í kaupverði rafmagnsbifreiða samanborið við verð bifreiða sem ganga fyrir jarðefnaeldsneyti. Í því tilviki tryggja skattundanþágur að skilvirkni orkuskipta í samgöngum. Það er afar mikilvægt að skattundanþágur séu vel skilgreindar og einfaldar viðureignar, bæði frá sjónarhóli skattyfirvalda og skattþegna, og þær þurfa jafnframt að skila hagfelldri niðurstöðu á heildina litið.

Að lokum leggja samtökin áherslu á að lagt sé mat á kostnað og ávinning af öllum aðgerðum til að unnt sé að finna hagkvæmustu leiðir að þeim markmiðum sem sett verða.

Virðingarfyllt,



f.h. Samtaka atvinnulífsins



f.h. Samtaka ferðaþjónustunnar



f.h. Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi



f.h. SVP - Samtaka verslunar og þjónustu



f.h. Samtaka iðnaðarins



fh. Samorku